


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
<b>VEF 103 Námsáætlun Haust 2015</b>		

Nafn kennara: Viðtalstímar kennara:	Halldóra Björg Sævarsdóttir Mánudag 9:30-9:50	Sk.stöfun: Netfang:	HBS dorabjorg@vma.is
--	--	------------------------	-------------------------

#### Áfangalýsing:

Í þessum fyrsta áfanga í vefnaði vefa nemendur a.m.k. þrjú stykki, bandáferð og þráðaráferð og þrjár prufur. Lögð er áhersla á einskeftuvefnað, vaðmál og ormeldúk í prufum. Í stykkinu með bandáferðinni, sem gjarnan er taska, borðdregill eða veggstykki, er lögð áhersla á einskeftu og rósabandsvefnað. Í stykkinu með þráðaráferð er lögð áhersla á vaðmál, samsetta bindingu eða ormeldúk. Nemendur taka virkan þátt í sem flestu er varðar uppsetningu á voð í vefstól, en ekki er ætlast til að þeir reikni út í uppistöðu eða bindi upp skemla og skammel í þessum áfanga. Miðað er við að notaðir séu trissustólar, fjögur til fimm sköft og fjögur - sex skammel


#### Áfangamarkmið:

- að nemendur kynnist vefstólum, læri að rekja í vef.
- að nemendur kynnist uppsetningu á slöngu og setja upp í vef í vefstól.
- að nemendur læri að þekkja og tileinka sér einskeftu, vaðmál, ormeldúk og rósaband í verkum sínum og noti fjögur til fimm sköft og fjögur til sex skammel.
- að nemendur noti mismunandi þræði eða efni í verk sín s.s. niðurrifið efni, ullarband, bómull og hör.

#### Helstu verkefni í VEF 103 eru:

- Til dæmis einskefta og/eða vaðmál, salúnvefur, eða önnur einföld samsett binding.
- Stykki ofið úr ullarbandi eða hör með rósabandsáferð og skal það vera ca 50 x 70 cm á stærð.
- Prufa/prufur í einskeftu, vaðmáli, ormeldúk eða samsettri bindingu, mappa með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Vika	Námsefni
34	Kynning á vefstól, vefstofu og tækjum sem tilheyra henni. Nemendur ákveða hvort þeir byrja á grófu eða fínu stykki, (þ.e.a.s. mottu, rósabandsvef, salún eða prufustykki.)
35- 36	1. stykki ofið og/eða prufur ofnar
37-40	2. stykki ofið og/eða prufur ofnar. Nemendur skipta um vefstól og vefa sitt annað stykki.
41-43	Uppsetning á vef og vinna í vefstól
44-46	Prufur eða unnið að verkefni
47-49	Nemendur vinna sitt seinasta stykki og frágangur á ofnum stykkjum og möppuvinna er í seinustu vikunni

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>VEF 103</b>	
	<b>Námsáætlun</b>	
	<b>Haust 2015</b>	

## Námsgögn

Fagbækur, vefnaður, myndlist og textíll. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA). Óútgefið efni eftir kennara. Pinterest  
Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu  
Símar velkomnir til náms en annars geymdir í símakassa.

Námsmat	Lýsing	vægi
Salún eða annað	Einskefta eða vaðmál/salúnvefnaður	30%
Fínt stykki 70 cm	Rósabandsáferð, ull eða hör	35%
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	25%
Frammistaða á önn	Virkni og vinnubrögð	10%

## Innkaup:

Mappa A4. Nemendur setja hugmyndir sínar, uppskriftir og prufur í möppu. Einnig er gott að vera með skissubók, reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð. Sú upphæð dugar yfirleitt fyrir því efni sem notað er í 103.

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt í tímum og á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.**

**Opið hús þar sem nemendur bjóða til sín aðstandendum til að sjá afrakstur vinnunnar í áfanganum verður í lok annar. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar. Mikilvægt að allir taki þátt bæði í undirbúningi og að taka á móti gestum um kvöldið.**

**Verkefni skulu sótt á sýnidegi próf**

**Með fyrirvara um breytingar.**

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða kennslustjóra